Umsóknum skal skila til Ásdísar Ármannsdóttur lögreglustjóra, Hafnarstræti 107, 600 Akureyri eða Daniels Guðjónssonar, yfirlögregluþjóns, Þórunnarstræti 138, 600 Akureyri, en umsóknarfrestur er til og með 11. maí nk.

Ráðningakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfið er vaktavinna og starfshlutfall er 100%. Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu hefur verið tekin.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „eyðublöð“.

Reykjavík, 22. apríl 2014.

Ríkislögreglustjórinn.

(2014007530

Útgáfud.: 28. apríl 2014

Laust til umsóknar embætti prests í Dómkirkjuprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Biskup Íslands auglýsir laust til umsóknar embætti prests í Dómkirkjuprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, frá 1. september 2014.

- Biskup Íslands skipar í embætti presta til fimm ára.
- Í Dómkirkjuprestakalli er ein sókn, Dómkirkjusókn, með rúmlega átta þúsund íbúa og eina kirkju, Dómkirkjuna í Reykjavík.
- Dómkirkjuprestakall er á samstarfssvæði með Háteigsprestakalli, Hallgrímshlí, Nesprestakalli og Seltjarnarnesprestakalli.
- Um þjónustuskýldur í sókninni fer eftir samþykktum kirkjuþings um innri málefni kirkjunnar.
- Umsækjendur geri skriflega grein fyrir persónulegum upplýsingum, menntun sinni, starfsferli, samskiptahæfileikum svo og öðru því sem

þeir óska eftir að taka fram. Staðfest afrit af prófskírteini skal fylgja umsókn svo og upplýsingar um starfsþjálfun.

- Umsækjendum ber að fylla út eyðublað þar sem biskupi er heimilaður aðgangur að sakaskrá viðkomandi umsækjanda. Skal undirrituð heimild þar um fylgja umsókninni. Eyðublaðið er á vef kirkjunnar, <https://innri.kirkjan.is/pdf/samthykki-fyrir-oflun-upplýsinga-ur-sakaskra.pdf>.
- Valnefnd velur prest samkvæmt starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011 og er stuðst við ráðgjafa í öllu umsóknarferlinu.
- Heimilt er að óska eftir því að almennar prestskosningar fari fram samkvæmt 15. gr. starfsreglna nr. 1109/2011.
- Um embættið gilda lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, starfsreglur er kirkjuþing setur og samþykktir um innri málefni kirkjunnar. Einkum er vísað til starfsreglna um presta nr. 1110/2011.
- Um laun og önnur kjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs.
- Upplýsingar um embættið og helstu lög og reglur sem um starfið gilda, eru veittar á Biskupsstofu og hjá sóknarpresti Dómkirkjuprestakalls.
- Umsóknarfrestur rennur út 30. maí 2014.
- Umsóknir sendist Biskupi Íslands, Biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík.

Vísað er til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

F.h. biskups Íslands,
Sveinbjörg Pálsdóttir.

(2014007598

Útgáfud.: 25. apríl 2014

Þinghald vegna kröfu um staðfestingu nauðasamnings

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 13. september 2012 var Sv á Íslandi ehf., kt. 611201-2490, tekið til opinberra skipta og Hjálmar Blöndal hdl. skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Hjálmar var síðan leystur undan starfi skiptastjóra að eigin ósk og Bjarni Hólmur Einarsson hdl. skipaður skiptastjóri í hans stað.

Skiptastjóri hefur tilkynnt að með bréfi dags. 23. mars 2014 hafi Holberg Músson, fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins, óskað eftir því að þrotabúið mundi leita nauðasamninga á grundvelli XXI. kafla laga nr. 21/1991.

Á skiptafundi, sem auglýstur var í Lögbirtingablaði hinn 24. mars 2014 og fram fór 8. apríl 2014 hafi nauðasamningsfrumvarp verið borið undir atkvæði og hafi allir kröfuhafar samþykkt það og engin ágreiningsatriði komið upp.

Meginatriði frumvarpsins eru þessi:

1. Kröfuhafa samkvæmt 1. tölulíð kröfuskrár er boðin 550.000 króna eingreiðsla vegna almennrar kröfu sem

lýst var í búið og samþykkt af skiptastjóra. Fjárhæðin tekur til vaxta og áfallins kostnaðar, og greiðist 20. apríl 2014 ef nauðasamningur hefur verið samþykktur á þeim tíma, en annars að liðnum 3 virkum dögum eftir endanlega staðfestingu dómstóla á nauðasamningnum. Samþykkt búskrafa sem lýst var í sama tölulið hefur verið greidd.

2. Kröfuhafa samkvæmt 2.-3. tölulið kröfuskrár er boðin eingreiðsla á 35% - þrjátíuogfimm hundradshlutum - lýstra krafna sinna, og greiðist 20. apríl 2014 ef nauðasamningur hefur verið samþykktur á þeim tíma, en annars að liðnum 3 virkum dögum eftir endanlega staðfestingu dómstóla á nauðasamningnum.

Til tryggingar 65% krafanna - sextíuogfimm hundradshlutum - er kröfuhafa boðið að fá útgefið skuldabréf, sem beri meðalvexti banka og sparisjóða eftir ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi sem nauðasamningur er staðfestur, og greitt verði að fullu með einni greiðslu 5. desember 2014.

3. Kröfuhafa samkvæmt 5. tölulið kröfuskrár er boðin eingreiðsla á 35% - þrjátíuogfimm hundradshlutum - lýstra krafna sinna, sem greiðist 20. apríl 2014 ef nauðasamningur hefur verið samþykktur á þeim tíma, en annars að liðnum 3 virkum dögum eftir endanlega staðfestingu dómstóla á nauðasamningnum.

Til tryggingar 65% lýstra krafna - sextíuogfimm hundradshlutum - er kröfuhafa boðið að fá útgefið skuldabréf, sem beri meðalvexti banka og sparisjóða eftir ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi sem nauðasamningur kemst á, og greitt verði að fullu með einni greiðslu 5. desember 2014.

4. Kröfuhafa samkvæmt 7. tölulið kröfuskrár er boðin 500.000 króna eingreiðsla á lýstri kröfu, sem taki til vaxta og áfallins kostnaðar, og greiðist 20. apríl 2014 ef nauðasamningur hefur verið samþykktur á þeim tíma, en annars að liðnum 3 virkum dögum eftir endanlega staðfestingu dómstóla á nauðasamningnum.

5. Kröfuhafa samkvæmt 8. tölulið kröfuskrár er boðin 25.156 króna eingreiðsla á lýstri kröfu, sem taki til vaxta og áfallins kostnaðar, og greiðist 20. apríl 2014 ef nauðasamningur hefur verið samþykktur á þeim tíma, en annars að liðnum 3 virkum dögum eftir endanlega staðfestingu dómstóla á nauðasamningnum.

6. Kröfuhafa samkvæmt 9. tölulið kröfuskrár er boðin 82.029 króna eingreiðsla vegna lýstrar kröfu, sem taki til vaxta og áfallins kostnaðar, og greiðist 20. apríl 2014 ef nauðasamningur hefur verið samþykktur á þeim tíma, en annars að liðnum 3 virkum dögum eftir endanlega staðfestingu dómstóla á nauðasamningnum.

7. Kröfuhafa samkvæmt 10. tölulið kröfuskrár er boðin 9.878 króna eingreiðsla vegna lýstrar kröfu, sem taki til vaxta og áfallins kostnaðar, og greiðist 20. apríl 2014 ef nauðasamningur hefur verið samþykktur á þeim tíma, en annars að liðnum 3 virkum dögum eftir endanlega staðfestingu dómstóla á nauðasamningnum.

8. Kröfuhafa samkvæmt 11. tölulið kröfuskrár er boðin 20.581 króna eingreiðsla vegna lýstrar kröfu, sem tekur til vaxta og áfallins kostnaðar, og greiðist 20. apríl 2014 ef nauðasamningur hefur verið samþykktur á þeim tíma, en annars að liðnum 3 virkum dögum eftir endanlega

staðfestingu dómstóla á nauðasamningnum.

9. Kröfuhafa samkvæmt 12. tölulið kröfuskrár er boðin 50.000 króna eingreiðsla á lýstri kröfu, sem taki til vaxta og áfallins kostnaðar, og greiðist 20. apríl 2014 ef nauðasamningur hefur verið samþykktur á þeim tíma, en annars að liðnum 3 virkum dögum eftir endanlega staðfestingu dómstóla á nauðasamningnum.

10. Kröfuhöfum samkvæmt 13.-21. tölulið kröfuskrár er boðin full greiðsla á lýstum kröfum með því að fá útgefið skuldabréf til fimm ára fyrir því, sem þeim ber samkvæmt þessu, og skulu skuldabréfin greidd að fullu án vaxta, fimm árum eftir staðfestingu nauðasamnings. Skuldabréfin skulu hafa meðal skilmála uppgreiðsluheimild fyrir skuldara án kostnaðar.

11. Kröfuhafa samkvæmt 23. tölulið kröfuskrár er boðin eingreiðsla að fjárhæð krónur 98.596 vegna þeirrar hluta kröfunnar sem lýst hefur verið í búið og samþykkt sem almenn krafa. Viðurkennd forgangskrafa vegna sama töluliðs hefur verið greidd. Eingreiðslan tekur m.a til vaxta og áfallins kostnaðar, og greiðist 20. apríl 2014 ef nauðasamningur hefur verið samþykktur á þeim tíma, en annars að liðnum 3 virkum dögum eftir endanlega staðfestingu dómstóla á nauðasamningnum.

12. Framangreindar kröfur eru upptaldar og þeim nánar lýst í kröfuskrá skiptastjóra þrotabúsins, númeraðar frá 1-24. Aðrar kröfur en taldar eru upp að ofan hafa ýmist verið greiddar eða afturkallaðar.

Ofangreint frumvarp til nauðasamnings byggir á samkomulagi þrotamanns við alla kröfuhafa sína. Með því að efna nauðasamninginn með þeim greiðslum á lýstum kröfum sem greint er frá hér að ofan hefur félagið efnt skuldbindingar sínum gagnvart kröfuhöfum og eiga þeir enga frekari kröfu á hendur félaginu. Undirritaður lýsir því yfir að peningar eru tiltækir til að greiða allar þær kröfur sem eru á gjalddaga 20. apríl 2014, og að öllum líkindum verður félagið fært að greiða allar þær kröfur á gjalddaga sem fram koma í þessum nauðasamningi.

Leitað er sérstakrar ívilnunar hjá hverjum kröfuhafa fyrir sig þó þannig að í einhverjum tilfellum njóta kröfuhafar sömu eða sambærilegra kjara, en sumir lánardrottinnar veiti meiri ívilnun en aðrir. Ívilnanir geta ýmist verið í formi eftirgjafar samningskrafna, hlutfallslegrar lækkunar þeirra, gjaldfrests á þeim, eða breytts forms á greiðslu. Það athugast að kröfuhafar skv. 14. og 16.-21. lið kröfuskrár eru ekki atkvæðismenn þar sem þeir eru nátengdir þrotamanni. Undirritaður hefur rætt við alla atkvæðismenn og hafa þeir gefið vilyrði fyrir því að mæla með frumvarpinu og veita undirrituðum, Holberg Mássyni, kt. 210954-3339, umboð til að greiða atkvæði með frumvarpinu þegar þar að kemur.

Holberg Másson, kt. 210954-3339, hefur krafist staðfestingar nauðasamnings samkvæmt frumvarpi þessu. Er hér með skorað á þá, sem telja sig hafa andmæli fram að færa gegn staðfestingu nauðasamnings með ofangreindum skilmálum, að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur, sem verður háð í dómhúsinu við Lækjartorg, dómsal 102, föstudaginn 2. maí 2014, kl. 11.50, þegar krafa þessi verður tekin fyrir.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 22. apríl 2014.

Ásbjörn Jónasson aðstoðarmaður dómara.

Útgáfud.: 23. apríl 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, 2. hæð, Selfossi á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

Vetrarmýri ehf.,
kt. 681294-2369,
Geirseyri, Vestmannaeyjum

Skiptafundur:

12. maí 2014,
kl. 10.00

Selfossi, 15. apríl 2014.

Sigurður Sigurjónsson hrl.

(2014007338

Útgáfud.: 25. apríl 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurstræti 17, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

Opal holding ehf.,
kt. 660805-0520,
Hvaleyrarbraut 33,
Hafnarfirði

Skiptafundur:

2. maí 2014,
kl. 11.45

Reykjavík, 14. apríl 2014.

F.h. Erlends Þórs

Gunnarssonar hrl.,

Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014007537

Útgáfud.: 25. apríl 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurstræti 17, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

Trésmiðja Jóns Gíslasonar,
kt. 620182-0289,
Skemmuvegi 38, Kópavogi

Skiptafundur:

2. maí 2014,
kl. 11.30

Reykjavík, 11. apríl 2014.

F.h. Oddgeirs Einarssonar

hrl.,

Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014007541

Útgáfud.: 28. apríl 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ingólfsstræti 3, 4. hæð, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Viðskiptaheild ehf.,
kt. 480207-1810,
Skútuvogi 11a, Reykjavík

Skiptafundur:

19. maí 2014,
kl. 09.30

Reykjavík, 23. apríl 2014.

Erla Skúladóttir hdl.

(2014007617

Útgáfud.: 28. apríl 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ingólfsstræti 3, 4. hæð, Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Veitir-, gler og postulín ehf,
kt. 430106-2280,
Nýbýlavegi 26, Kópavogi

Skiptafundur:

19. maí 2014,
kl. 09.00

Reykjavík, 23. apríl 2014.

Erla Skúladóttir hdl.

(2014007618

Útgáfud.: 23. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 22. janúar 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. apríl 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Málningarþjónusta Prándar kr. 6.628.883
ehf.,
kt. 610610-0480,
Brautarholti 2, Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2014.
F.h. Arnars Þórs Stefánssonar
hrl.,
Þórhallur Bergmann hdl.

(2014007312

Útgáfud.: 23. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 6. janúar 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 19. mars 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Alpha security ehf., kr. 8.175.441
kt. 650211-1110,
Rafnkelsvegi 4, Garði

Reykjavík, 6. apríl 2014.
Steinn S. Finnbogason hdl.

(2014007313

Útgáfud.: 23. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 22. janúar 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. apríl 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Fet ehf., kr. 99.070.786
kt. 650796-2419,
Stapaseli 7, Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2014.
F.h. Arnars Þórs Stefánssonar
hrl.,
Þórhallur Bergmann hdl.

(2014007317

Útgáfud.: 23. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 13. janúar 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 25. mars 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Hélog ehf., kr. 10.885.983
kt. 610905-1290,
Baldursheimi, Mývatni

Akureyri, 4. apríl 2014.
Berglind Jónasardóttir hdl.

(2014007319

Útgáfud.: 23. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 6. janúar 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 19. mars 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Dominant ehf., kr. 2.987.729
kt. 470208-0150,
Fjólúhvammi 14, Hafnarfirði

Reykjavík, 11. apríl 2014.
Steinn S. Finnbogason hdl.

(2014007331

Útgáfud.: 23. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. september 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. apríl 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

G.H.G. fjárfestingar ehf.,
kt. 530606-0310,
Sævangi 6, Hafnarfirði

Kr. 272.740

Reykjavík, 14. apríl 2014.

Guðni Á. Haraldsson hrl.

(2014007334)

Útgáfud.: 23. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. apríl 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 26. september 2013.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Solarus ehf.,
kt. 600605-1190,
Lyngási 14, Garðabæ

kr. 8.867.810

Reykjavík, 27. febrúar 2014.

Þórður Heimir Sveinsson hdl.

(2014007335)

Útgáfud.: 23. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 20. febrúar 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 16. apríl 2014.

Lýstar kröfur í búið námu samtals kr. 25.240.563. Upp í forgangskröfur samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti fengust kr. 275.956 greiddar. Ekkert fékkst greitt upp í kröfur samkvæmt 113. og 114. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Mitt bakari ehf.,
kt. 520704-2560,
Grensásvegi 26, Reykjavík

kr. 25.240.563

Smáratorgi 3, Kópavogi, 16.
apríl 2014.

Áslaug Gunnlaugsdóttir hdl.

(2014007336)

Útgáfud.: 23. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 12. september 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. apríl 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

KLK Verktakar ehf., áður Inn kr. 9.127.060
Múr ehf.,
kt. 540704-2360,
Rauðhelli 9, Hafnarfirði

Reykjavík, 14. apríl 2014.

Guðni Á. Haraldsson hrl.

(2014007337)

Útgáfud.: 25. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. desember 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 8. apríl 2014.

Skiptum lauk í dag, 8. apríl, með úthlutunargerð úr þrotabúinu, en samkvæmt henni greiddust kr. 418.206 upp í forgangskröfur skv. 112. gr. laga nr. 21/1991 eða 95,266%. Upp í almennar kröfur greiddist ekkert.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Plastpípur ehf.,
kt. 590506-2140,
Hólmgarði 20, Reykjavík

kr. 5.118.525

Hafnarfirði, 8. apríl 2014.

Gunnar Sv. Friðriksson hdl.

(2014007535)

Útgáfud.: 25. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. ágúst 2011 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 10. apríl 2014.

Skiptum var lokið á þeim grundvelli að samþykkt var endanlega úthlutunargerð skv. 2. mgr. 160. gr. gbl.

Nafn bús:

Skirir ehf.,
kt. 691007-1700,
Suðurlandsbraut
Reykjavík

Lýstar kröfur:

Upp í almennar kröfur, alls
kr. 1.667.067.372, fengust
22, greiddar kr. 223.699.000 eða
13,4187 hluti þeirra.

Reykjavík, 14. apríl 2014.

**Auður Björg Jónsdóttir
hdl.**

(2014007552

Útgáfud.: 28. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 23. janúar 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 15. apríl 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Jón Heimir Sigurbjörnsson,
kt. 211272-3259,
Kársnesbraut 13, Kópavogi

Lýstar kröfur:

kr. 17.673.778

Reykjavík, 15. apríl 2014.

F.h. Ólafs F. Haraldssonar
hdl.,
Þórhallur Bergmann hdl.

(2014007601

Útgáfud.: 28. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. október 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 9. janúar 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Havari ehf.,
kt. 640909-0130,
Austurstræti 6, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 4.003.855

Reykjavík, 21. apríl 2014.

Jóhannes Ásgeirsson hrl.

(2014007607

Útgáfud.: 28. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. nóvember 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 4. apríl 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Houdini ehf.,
kt. 711204-3340,
Drangahrauni 4, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:

kr. 9.444.519

Reykjavík, 14. apríl 2014.

Grétar Dór Sigurðsson hdl.

(2014007609

Útgáfud.: 28. apríl 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 20. nóvember 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 17. febrúar 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Skriðufell ehf.,
kt. 670505-1540,
Ásum, Búðardal

Lýstar kröfur:

kr. 56.939.720

Reykjavík, 10. apríl 2014.

F.h. Ólafur Arinbjörn
Sigurðsson hdl.,
**Erna Heiðrún Jónsdóttir
hdl.**

(2014007612

Útgáfud.: 25. apríl 2014

Auglýsing um skipulag - Ísafjarðarbær*Auglýsing um breytingu á skipulagi, Eyrin á Ísafirði - Austurvegur.*

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt ofangreinda breytingu á deiliskipulagi á fundi sínum þann 10. apríl 2014. Skipulagssvæðið, sem er 1,62 ha, er miðsvæðis á Eyrinni á Ísafirði og í jaðri miðbæjarins. Svæðið tekur til lóðar Grunnskólans á Ísafirði við Aðalstræti og Austurveg, Austurvegar 2, 9 og 11 og Silfurgötu 1 og 3 auk aðliggjandi hluta gatna og almenningsgarðsins Austurvallar.

Meginbreyting deiliskipulagsins felst í að Austurvegi milli grunnskólans (Aðalstræti 36) og Austurvallar (Austurvegur 5) og sundhallarinnar (Austurvegur 9) er lokað að fullu, í stað þess að vera skilgreindur sem vistgata með lokun á skólatíma. Lóð skólans stækkar sem þessari lokun nemur.

Aksturstenging Aðalstrætis og Austurvegar breytist einnig, þannig að akstursleiðin verður rýmri. Þar er jafnframt gert ráð fyrir að lokað verði fyrir vélknúinni umferð milli kl. 07:40 og 14:00 þá daga sem starfsemi er í Grunnskólanum á Ísafirði.

Áfram er gert ráð fyrir bílastæðum á horni Austurvegar og Aðalstrætis en ekki gert ráð fyrir bílastæðum innan skólalóðar, nema vegna aðkomu fatlaðra. Bílastæði á lóðum sundhallarinnar (Austurvegur 9) og tónlistarskólans (Austurvegur 11) eru nánast óbreytt frá gildandi skipulagi, sem og bílastæði í Austurvegi austan skólalóðarinnar. Aðkoma að Austurvegi 7 verður áfram um lóð Sundhallarinnar (Austurvegur 9) líkt og í gildandi skipulagi. Byggingarreitur innan Austurvallar (Austurvegur 5) er felldur út.

Fallið er frá breytingu sem gerð var á gildandi deiliskipulagi árið 2006, þar sem gert var ráð fyrir að rífa Silfurgötu 5 og Brunngötu 20 ásamt því að færa Brunngötu og stækka skólalóðina sem þessu nemur. Einnig er skólalóðin færð fjær Silfurgötu til að rýma fyrir bílastæðum.

Við gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar falla úr gildi tvær fyrri breytingar sem taka til skipulagssvæðisins, þ.e.:

- Lóð tónlistaskóla Ísafjarðar, samþykkt 7. maí 1998.
- Skólasvæði við Austurveg og Aðalstræti 36 á Ísafirði, samþykkt 17. júlí 2006.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 25. apríl 2014 til og með 6. júní 2014.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Ísafjarðarbæjar, stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við skipulagstillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði, 14. apríl 2014.

Jóhann Birkir Helgason sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Útgáfud.: 23. apríl 2014

Stefna - f.h. Orkuveitu Reykjavíkur

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Orkuveita Reykjavíkur - vatns og fráveita sf., kt. 591213-0160, Bæjarhálsi 1, Reykjavík.

Stefndi: Funahöfði ehf., kt. 590705-1280, Ásgötu 17, Raufarhöfn, fyrirsvarsmaður Sigurður Hilmar Ólason, kt. 170855-3969, Bretlandi.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Rakel Elíasdóttir hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að hið stefnda einkahlutafélag verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 107.760 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu,

af kr. 5.814 frá 2. febrúar 2012 til 2. mars 2012,

af kr. 11.607 frá 2. mars 2012 til 3. apríl 2012,

af kr. 17.400 frá 3. apríl 2012 til 3. maí 2012,

af kr. 23.193 frá 3. maí 2012 til 4. júní 2012,

af kr. 28.986 frá 4. júní 2012 til 3. júlí 2012,

af kr. 34.779 frá 3. júlí 2012 til 2. ágúst 2012,

af kr. 40.572 frá 2. ágúst 2012 til 4. september 2012,

af kr. 46.365 frá 4. september 2012 til 2. október 2012,

af kr. 52.158 frá 2. október 2012 til 4. febrúar 2013,

af kr. 58.352 frá 4. febrúar 2013 til 4. mars 2013,

af kr. 64.528 frá 4. mars 2013 til 2. apríl 2013,

af kr. 70.704 frá 2. apríl 2013 til 2. maí 2013,

af kr. 76.880 frá 2. maí 2013 til 3. júní 2013,

af kr. 83.056 frá 3. júní 2013 til 2. júlí 2013,

af kr. 89.232 frá 2. júlí 2013 til 2. ágúst 2013,

af kr. 95.408 frá 2. ágúst 2013 til 2. september 2013,

af kr. 101.584 frá 2. september 2013 til 2. október 2013,

af kr. 107.760 frá 2. október 2013 til greiðsludags.

Auk þess er krafist staðfestingar á lögveðsrétti fyrir kröfunni í eignarhluta stefndu í fasteigninni Skipholt 50A, Reykjavík, fnr. 229-4231. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalmeðferð málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á framlögðum álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda fyrir árin 2012 og 2013. Krafan sundurliðast svo:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldldagi	Fjárhæð
1.	02.02.2012	02.02.2012	5.814
2.	02.03.2012	02.03.2012	5.793
3.	03.04.2012	03.04.2012	5.793
4.	03.05.2012	03.05.2012	5.793
5.	04.06.2012	04.06.2012	5.793
6.	03.07.2012	03.07.2012	5.793
7.	02.08.2012	02.08.2012	5.793
8.	04.09.2012	04.09.2012	5.793
9.	02.10.2012	02.10.2012	5.793

10.	04.02.2013	04.02.2013	6.194
11.	04.03.2013	04.03.2013	6.176
12.	02.04.2013	02.04.2013	6.176
13.	02.05.2013	02.05.2013	6.176
14.	03.06.2013	03.06.2013	6.176
15.	02.07.2013	02.07.2013	6.176
16.	02.08.2013	02.08.2013	6.176
17.	02.09.2013	02.09.2013	6.176
18.	02.10.2013	02.10.2013	6.176

Samtals gera þetta kr. 107.760 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu.

Skuld þessi er samkvæmt álagningarseðlum vatns- og fráveitugjalda á fasteign stefnda að Skippholti 50A, Reykjavík, fnr. 229-4231. Um er að ræða vatns- og fráveitugjöld fyrir árin 2012 og 2013. Krafist er staðfestingar á lögveðsrétti í fasteign stefnda til tryggingar kröfu stefnanda í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009. Stefnandi byggir jafnframt lögveðskröfu sína á því að hann hafi skort nauðsynlega vitneskju um heimilisfang fyrirsvarsmanns stefnda og því hafi honum verið ómögulegt að innheimta kröfuna og lögveðið því ekki fallið niður að hluta, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 150/2007.

Fyrirsvarsmaður stefnda hefur ekki skráð lögheimili skv.þjóðskrá og þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað hans til þess að birta honum greiðsluáskorun. Á stefnandi því ekki annarra kosta vöð en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991, enda ómögulegt að birta greiðsluáskorun á skráðri stjórnarstöð félagsins þar sem engin starfsemi er þar.

Áskilinn er réttur til frekari röksemdafærslu og framlagningar gagna eftir því sem tilefni gefst til. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfu sína á meginreglum samninga- og kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga sem og lögum nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, einkum 6. og 9. gr., og 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, einkum 14.-16. gr. Varðandi rökstuðning fyrir því að lögveð sé ekki fallið niður að hluta vísast til 1. mgr. 10. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Kröfu um staðfestingu lögveðsréttar byggir stefnandi á 9. gr. laga nr. 32/2004 og 16. gr. laga nr. 9/2009. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 33. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

Álagningarseðlar vatns- og fráveitugjalda, gjaldstöður vatns- og fráveitugjalda, afrit innheimtuviaðvarana, útskrift úr Fasteignaskrá Íslands, upplýsingar úr þjóðskrá, útprentun úr Lögbirtingablaði því er stefna birtist í og

málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Norðurlands eystra, á dómþingi sem haldið verður á skrifstofu héraðsdómsins, Hafnarstræti 107, Akureyri, þann 29. maí 2014, kl. 13.30, og svara þar til saka og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 16. apríl 2014.

F.h. stefnanda,

Rakel Elíasdóttir hdl.

(2014007324

Útgáfud.: 25. apríl 2014

Fjárræðissvipting

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 16. apríl 2014 í máli nr. L-12/2014 var Helgi Halldórsson, kt. 010491-2159 sviptur fjárræði tímabundið í fjögur ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði 23. apríl 2014.

Bogi Hjálmtýsson.

(2014007538

Útgáfud.: 25. apríl 2014

Fjárræðissvipting

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 16. apríl 2014 í máli nr. L-9/2014 var Geir Runólfsson, kt. 021026-7949, sviptur fjárræði ótímabundið frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði 23. apríl 2014.

Bogi Hjálmtýsson.

(2014007542

Útgáfud.: 28. apríl 2014

Veðhafafundur

Vegna gjaldþrotaskipta á búi Hraunbæjar 107 ehf., kt. 650701-2080, Bildshöfða 12, Reykjavík, og með vísan til 129. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., er boðað til fundar með veðhöfum og öðrum þeim, sem kunna að telja til réttinda yfir eftirtöldum fasteignum þrotabúsins:

Fasteignanr.	Heiti eignar	Tegund
223-9156	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð

223-9157	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9155	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
225-8079	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9158	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9159	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
225-8077	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9161	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9160	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9163	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9162	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9165	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9164	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9167	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9166	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9169	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9168	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9170	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9171	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9172	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9173	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9174	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9175	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9176	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9177	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9178	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9179	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9188	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9187	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9185	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-8078	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9183	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9182	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9181	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
223-9180	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
225-8081	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð
225-8080	Hraunbær 107, Reykjavík	íbúð

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra í búinu að Grjótagötu 7, Reykjavík, föstudaginn 16. maí 2014, kl. 15:00.

Á fundinum verða kynntar tillögur skiptastjóra um ráðstöfun eignanna. Leitað eftir samþykki rétthafa fyrir því að þeim verði ráðstafað með þeim áhrifum að þeir rétthafar, sem kunna að fara á mis við fullnustu af söluverði eignanna, glati þeim tryggingarréttindum sem þeir kunna að njóta.

Reykjavík, 9. apríl 2014.
Sveinn Andri Sveinsson hrl.

(2014007613

Útgáfud.: 25. apríl 2014

Auglýsing frá forsætisráðuneytinu

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra er farinn til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra störfum forsætisráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra gegnir störfum forsætisráðherra í fjarveru fjármála- og efnahagsráðherra.

Í forsætisráðuneytinu 25. apríl 2014.

F. h. r.

Ágúst Geir Ágústsson.

Íris Rut Bergmann.

(2014007553

Lögbirtingablað,
41. tölublað 2014.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.